

**1982 nr. 53 11. maí**

**Lög um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf.**

Tóku gildi 24. maí 1982.

■ **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði

allt að 1,3 milljóna Bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni hf. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni, sem ríkissjóður fær við yfirtöku nefndra krafna.

ELDDRI ÚTGÁFA